

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2018

2020/EES/66/24

frá 27. apríl 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/208 frá 12. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 um stofnun skrár Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21ana (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32018 R 0208:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/208 frá 12. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2018, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/208, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2018, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.